

## GJALDSKRÁ

### fyrir almenna sorphirðu og förgun úrgangs frá fyrirtækjum í Hörgárbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 að leggja á sorphreinsi- og sorpeyðingargjald árlega í sveitarfélaginu. Skal gjaldið innheimt með fasteignagjöldum.

Sorpgjald á íbúðir, árgjald kr. 8.000.

2. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið gjald vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum kr. 2,05 pr. kg án virðisaukaskatts.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar 3. desember 2003 er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

*Hörgárbyggð, 26. mars 2004.*

**Helga A. Erlingsdóttir**, sveitarstjóri í Hörgárbyggð.